

Ed.

169. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi falla úr gildi 30. september 1936.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og vísast til meðfylgjandi fylgiskjala um ástæður fyrir því.

Fylgiskjal I.

Landsbanki Íslands.

Reykjavík, 27. júlí 1931.

Með skirskotun til bréfs bankaráðsins til hins háa fjármálaráðuneytis, dags. 18. f. m., leyfir bankaráðið sér hér með að senda ráðuneytinu hjálagt frumvarp til laga um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928.

Eins og kunnugt er, hefir Landsbankinn um langt skeið notað erlend lán, sem tekin eru til eins árs í senn, til þess, er sérstaklega stendur á, að fullnægja rekstrarlánaþörf í landinu. Það hafa verið áraskipti að því, hve mikið hefir þurft að grípa til þessara erlendu lána, og sum árin hefir alls eigi þurft að nota þau. Á hjálögðu fylgiskjali sést innstæða og skuld bankans hjá erlendum bönkum í lok hvers mánaðar árin 1925—1931, og sömuleiðis hreyfing sú, er orðið hefir á hverju ári (hækkun eða lækkun). Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að vart verður hjá því komizt, að Landsbankinn enn um nokkurt skeið geti greitt úr brýnustu lánaþörf atvinnuveganna, t. d. þegar óvenjulegur dráttur verður á sölu afurðanna. Það liggja líka sérstakar ástæður til þess, að Landsbankinn verður að fullnægja meir lánaþörf nú en síðar kann að verða. Kemur hér einkum til greina, að nú síðari árin hefir dregið afarmikið úr beinni lánanotkun atvinnurekenda erlendis, og ennfremur það, að aðrir bankar en Landsbankinn hafa undanfarið eigi haft aðgang að slíkum lánnum erlendis svo verulegu nemi. Virðist því óhjákvæmilegt að veita bankanum um tiltekið árabíl undanþágu frá ákvæðum landsbankalaganna, þannig, að notkun þeirra lánaheimilda, sem bankinn hefir nú, komi eigi til frádráttar á innstæðu erlendis.

Virðingarfyllst

Bankaráð Landsbanka Íslands.

Jón Árnason.

Til fjármálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Innstæða eða skuld Landsbanka Íslands við erlenda banka

í lok hvers mánaðar árin 1925—1931.

	1925	1926	1927	1928	1929	1930	1931
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Jan.	5483	4111	÷ 3969	3214	10220	7822	1184
Febr.	4388	2890	÷ 3769	1012	8488	4275	÷ 404

	1925	1926	1927	1928	1929	1930	1931
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Marz	3921	1070	÷ 4777	354	7135	3636	÷ 656
Apríl	4261	÷ 58	÷ 3954	÷ 902	4864	2140	÷ 768
Mai	3679	÷ 1193	÷ 4370	÷ 1253	3967	712	÷ 1111
Júni	3492	÷ 3957	÷ 6324	÷ 345	1945	÷ 286	÷ 4224
Júli	3257	÷ 5182	÷ 7027	÷ 440	668	÷ 605	
Ágúst	4792	÷ 3250	÷ 2931	327	1233	÷ 1016	
Sept.	10024	÷ 4119	÷ 2220	1884	1313	÷ 153	
Okt.	12656	÷ 2625	÷ 1158	5749	4732	1018	
Nóv.	9800	÷ 2801	515	7879	7357	819	
Des.	6673	÷ 2114	5083	11535	9498	2126	

Hreyfingar á innstæðu (skuld)
Landsbankans við erlenda
banka á hverju ári.

	Hækkun +, lækkun ÷
1925	+ 1273
1926	÷ 8787
1927	+ 7197
1928	+ 6452
1929	÷ 2037
1930	÷ 7372
1931 til 30/6. ÷	6350

Föst erlend lán
tekin á árinu:

3 millj. kr.
4,9 — —
3,4 — —
12,8 — —